

14.000 tonna landeldi í Hvalfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 9. júlí 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Aurora Fiskeldi ehf. um 14.000 tonna landeldi í Hvalfirði, Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.05 og 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Elkem Ísland, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Norðurláls, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Landeldi í Hvalfirði – 14.000 tonn á ári. Matsskyldufyrirspurn. Aurora Fiskeldi ehf. – Efla verkfræðistofa. júlí 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit dags. 30. ágúst 2024,
- Elkem dags. 14. ágúst 2024,
- Fiskistofa dags. 1. ágúst 2024,
- Hafrannsóknastofnun dags. 25. ágúst 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 8. ágúst 2024,
- Norðurláli dags. 15. ágúst 2024,
- Matvælastofnun dags. 7. ágúst 2024,
- Minjastofnun Íslands dags. 17. september 2024,
- Náttúrufræðistofnun dags. 8. ágúst 2024,
- Orkustofnun dags. 21. ágúst 2024,
- Umhverfisstofnun dags. 9. ágúst 2024,
- Veðurstofu Íslands dags. 6. ágúst 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 6. september 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu landeldistöðvar fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla verður um 14.000 tonn á ári með hámarkslífmassa upp á 9.000 tonn og verður staðsett á 15,3 ha. lóð nr. 34 á Grundartanga. Gert er ráð fyrir bæði seiðaeldi og matfiskeldi en heildareldisrými stöðvarinnar verður um 161.000 m³ og aflþörfin um 7,4 MW.



Vatnstaka og notkun

Sjó verður dælt beint inn í stöðuna og verða inntakslagnir annars vegar á 10 metra dýpi og 150 - 200 metra frá landi og hins vegar 30 - 50 metra dýpi og um 300 - 500 metra frá landi og er vatnspörf áætluð um 13,5 m³/s (13.500 l/s) að hámarki.

Ferskvatn mun koma frá vatnsveitu á svæðinu. Áætluð ferskvatnspörf verður um 3,6 - 7,2 l/s að meðaltali með notkun að hámarki að 20 - 30 l/s vegna bólusetninga, flokkunnar og flutnings seiða milli eininga. Einnig verður framleitt vatn úr sjó með síum. Síurnar umbreyta söltu vatni í ferskt vatn.

Fóðurnotkun

Í seiðaeldi er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði 350 - 400 tonn á ári. Reiknað er með að fóðurstuðull seiðaeldis verði 0,8-0,9 en breytilegur eftir vaxtarstigi seiðanna.

Í sjóvatnseldi er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði á bilinu 15.400 - 17.000 tonn á ári miða við fóðurstuðull 1,1 - 1,2.

Fráveita og lífrænn úrgangur

Eldisvatnið verður hreinsað í seiða- og matfiskeldi með ristum í kerjum og síubúnaði þar sem grófar agnir eru hreinsaðar áður en veitt er í viðtaka. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti 70-90% hreinsun af föstum efnum. Affallið verður síað/hreinsað í tveimur hreinsistöðvum sem verðareistar með 500 m³ þró fyrir fiskimykju. Báðar hreinsistöðvarnar verða með 6 tromlusíum sem sía affallsvatn. Gera má ráð fyrir allt að 12 tonnum af fiskimykju á dag og verður geymslugetan rúmlega 40 dagar. Losun á uppleystum lífrænum næringarefnum við 14.000 tonna framleiðslu verður um 255 tonn af köfnunarefni og 29 tonn af fosfór.

Varnir gegn slysasleppingum

Í hverju kari er rist til varnar þess að fiskur sleppi út. Stærð ristagata fer eftir stærð fiska í kari sem varnar þess að fiskur komist í frárennslislögn. Úr kari fer vatn í gegnum tromlusíu þar sem öll föst efni eru hreinsuð. Eftir síuhreinsun er seinasta fyrirbyggjandi aðgerðin að vatnið fer í gegnum fiskheldar ristar sem eru í útrás.

Landmótun, haugsetning og efnispörf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verði við að nota efni sem komi úr uppgrefti í fyllingar og hugsanlega í manir eða aðra landmótun innan lóðar. Verður það gert í samráði við lóðareiganda og skipulagsyfirvöld í sveitarfélaginu. Efni í fyllingar verður fengið frá viðurkenndum námum. Losun á efni sem keyra þarf í burt verður gert í samvinnu við sveitarfélagið, ef til þess kemur.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Aurora fiskeldi ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á ástand sjávar, fjöru og botndýralíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að viðtaki fráveitu stöðvarinnar sé strandsjávarhlotið Hvalfjörður (104-1330-C). Fram hafi farið skoðun á áhrifum losunar frárennslisvatns á uppleyst súrefni og dreifingu líffræðilegrar súrefnisparfar (BOD), köfnunarefnis (N) og fosfórs, (P) og benda líkanreikningar til þess að áhrifa muni gæta í viðtaka sökum fráveitunnar. Helstu áhrif verði staðbundin og tímabundin hækkun á styrk fosfórs og köfnunarefnis, hitastigsaukning og lægri styrkur súrefnis og súrefnismettunar í næsta nágrenni útrásar. Líkön benda þó til þess að útþynning



Lífrænna efna sé hröð og að styrkur næringarefna sé að mestu undir skilgreindum umhverfismörkum í reglugerð um mengun vatns. Rannsóknir á botndýralífi sem framkvæmdar hafi verið utan við Katanes benda til þess að botndýrasamfélög beri einkenni samfélaga á hörðum botni þar sem margar tegundir lindýra og krabbadýra er að finna. Gera má ráð fyrir að botndýralíf verði fyrir beinu raski á framkvæmdartíma vegna uppbyggingu útrása og vatnstökulagnar en reikna má með að grafnir verði tveir þriggja metra skurðir fyrir inntakslagnir sem og fyrir frárennsli. Þá getur botndýralíf einnig orðið fyrir staðbundnum áhrifum sökum uppsöfnunar lífrænna næringarefna en líkön benda þó til þess að uppsöfnun efnanna verði lítil. Framkvæmdaraðili metur að áhrif framkvæmdar á botndýralíf séu óveruleg til nokkuð neikvæð og að áhrif á ástand sjávar verði staðbundin, afturkræf og óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að framkvæmdasvæðið liggja að, og er að hluta til innan svæðisins, Hvalfjörður, sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og það nái einnig inn á svæði 235 á C-hluta náttúruminjaskrár, Hvalfjarðarströnd. Fjaran og botndýralíf utan við lóðina hafa ekki verið rannsakað en nokkur sýni voru tekin utan við nálæggar lóðir í umhverfismati Qair. Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að bæði fjaran og botndýralíf verði kannað utan við framkvæmdasvæðið og svæðið vaktað eftir að starfsemi hefst.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er vakin athygli á 2. gr. b í reglugerð nr. 506/2010 um breytingu á reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, þar sem kemur fram að matvælafyrirtæki skulu ekki staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina. Bendir eftirlitið á að fyrirhuguð starfsemi sé innan þynningarsvæðis. Einnig bendir eftirlitið á að gera þurfi viðeigandi grunnrannsóknir áður en unnt sé að fallast á að álag sé sett á viðtakana svo vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand strandsjávarvatnshlotsins sé þekkt sem og magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á mikilvægi þess að rekstaraðili leggi fram áhrifamat fyrir strandsjávarvatnshlotið í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar þegar umsókn um starfsleyfi verður lögð fram. Ef rekstaraðili kemst að þeirri niðurstöðu að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið séu neikvæð þarf framkvæmdaraðili að gera viðeigandi ráðstafanir (mótvægisáðgerðir) til þess að draga úr álagi og tryggja að vatnshlotið uppfylli kröfur um gott eða mjög gott vistfræðilegt ástand.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði er hvorki innan þynningarsvæðis fyrir brennisteinsoxíð né þynningarsvæði fyrir flúor sem hafa verið skilgreind vegna iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Framkvæmdaraðili bendir á að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á nærliggjandi lóðum, í fjörunni og sjávarbotni gefi ítarlegar upplýsingar um grunnástand á þeim svæðum. Í ljósi þess að nýlega hafi farið fram rannsóknir á m.a. fjörunni og botndýralífi í næsta nágrenni framkvæmdarsvæðisins, telur framkvæmdaraðili ekki þörf á frekari rannsóknum til þess að meta hver áhrif framkvæmdarinnar verða á umhverfisþættina. Frekari rannsóknir myndu líklega ekki vera til þess fallnar að bæta við mikilli vitneskju um grunnástand svæðisins, sem er vel þekkt. Unnið verði áhrifamat fyrir vatnshlotið í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Áhrifamatið verður meðal gagna sem lögð verða fram þegar sótt verður um leyfi og verða mótvægisáðgerðir lagðar fram, ef þörf er á.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirbyggjandi rannsóknir bendi til þess að gróðurfar á framkvæmdarsvæði sé fremur fábreytt og einkennist hluti þess af framræstum túnum og skurðum. Miðað við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og myndir af svæðinu er svæðið þó nokkuð blautt að hluta og líkur á því að þar séu að finna tegundir sem eru einkennandi fyrir votlendisvistgerðir en að gróður sé fremur einsleitur og að ekki séu háplöntutegundir á valista.



Framkvæmdir munu raska fjöruvistgerðum staðbundið á framkvæmdatíma og megi ætla að heildarrask vegna lagna verði um 3.600 m², þ.e. 1.800 m² á sjávarbotni og 1.800 m² á fjöruvistgerðir. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdar á vistgerðir og gróður verði nokkuð neikvæð og vega áhrif framkvæmdarinnar á fjöruvistgerðir þungt.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gróður hafi ekki verið skoðaður á lóðinni en stuðst sé við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og athuganir á nálægum lóðum. Vistgerðakortið er ónákvæmt í þessum mælikvarða og þar að auki hefur Katanestjörn verið endurheimt og mokað ofan í skurði frá því kortið var gert svo ekki er hægt að byggja á því. Endurheimtin er líkleg til að hafa haft áhrif bæði á gróður og fuglalíf.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á nærliggjandi lóðum gefi ítarlegar upplýsingar um grunnástand á þeim svæðum. Í ljósi þess að nýlega hafi farið fram rannsóknir á m.a. gróðurfari í næsta nágrenni framkvæmdarsvæðisins, telur framkvæmdaraðili ekki þörf á frekari rannsóknum til þess að meta hver áhrif framkvæmdarinnar verða. Frekari rannsóknir myndu líklega ekki vera til þess fallnar að bæta við mikilli vitneskju um grunnástand svæðisins, sem er vel þekkt.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé fjölbreytt bæði inn til lands í fjölbreyttu landi, s.s. votlendi, og graslendi og við strandlengju en alls voru taldir um 450 fuglar við rannsóknir á svæðinu, auk þess sem þar hafi sést tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar, þ.e. stelkur, sem talinn er í yfirvofandi hættu, svartbakur og hvítmáfur sem eru tegundir taldar í hættu og kría, tjaldur og æðarfugl sem eru tegundir sem taldar eru í nokkurri hættu. Áhrif á fuglalíf verða staðbundin en áhrifa mun gæta sökum búsvæðaeyðingar á lóðinni sjálfri. Fyrirhuguð framkvæmd er innan skilgreinds svæðis sem nýtur verndar m.a. vegna fugla en framkvæmdin er ekki talin breyta einkennum umhverfisþáttarins á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að í umfjöllun um grunnástand svæðisins sé stuðst við athuganir sem gerðar voru fyrir umhverfismat Qair á Íslandi ehf. fyrir næstu lóðir við framkvæmdasvæðið og svo fyrirbyggjandi gögn. Fyrirbyggjandi gögn um fugla sem stuðst er við eru vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar 2020-2022, en Náttúrufræðistofnun bendir á að til eru gögn um vetrarfuglatalningar á svæðinu frá Katanesi að Galtarvíkurhöfða fyrir árin 2008-2023 og úttekt var gerð á fuglalífi árið 2004¹. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður, fugla og fjöru- og botndýralíf og því sé rétt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á nærliggjandi lóðum gefi ítarlegar upplýsingar um grunnástand á þeim svæðum. Í ljósi þess að nýlega hafi farið fram rannsóknir á m.a. fuglalífi í næsta nágrenni framkvæmdarsvæðisins, telur framkvæmdaraðili ekki þörf á frekari rannsóknum til þess að meta hver áhrif framkvæmdarinnar verða. Frekari rannsóknir myndu líklega ekki vera til þess fallnar að bæta við mikilli vitneskju um grunnástand svæðisins, sem er vel þekkt.

Áhrif af völdum slyssleppinga

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að stuðst verði við þriggja þrepa fyrirbyggjandi aðferðir gegn slyssleppingum, sem saman standa af ristum og tromlusíum.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að ef fiskar sleppi úr fiskeldisstöðinni geti það haft í för með sér neikvæð áhrif ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það sé því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að

¹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2004. *Fuglalíf við Katanes í Hvalfirði*. Reykjavík. NI-04009. Náttúrufræðistofnun Íslands.



Því að affall frá stöðinni verði útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Þar sem um landeldi sé að ræða er ekki mikil hætt á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að í ljósi þriggja tilkynntra óhappa í landeldisstöðvum á árinu, sem gætu hafa leitt til stroks, leggi stofnunin áherslu á að skýrt þurfi að vera hvernig brugðist verði við fari tromlusía á yfirfall eða hvernig vörnum og hönnun á ristum og fráveitu í gólfi eldishúsa sé hagað. Jafnframt þarf að huga að strokvörnum og viðbrögðum vegna stroks þegar kemur að mögulegum flutningi fisks úr stöð í brunnbát til slátrunar. Stofnunin telur framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum, sérstaklega með hliðsjón af líkum á stroki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að um verði að ræða viðurkenndar varnir til þess að draga verulega úr líkum á því að lax geti strokið úr eldisstöðvum. Þriggja þrepa fyrirbyggjandi aðferðir gegn slysasleppingum séu m.a. notaðar í öðrum landeldisstöðvum á Íslandi í dag og hafa varnirnar reynst vel. Aldrei sé hægt fyrirbyggja alfarið að slys geti orðið en með þeirri aðferð sem sé lýst, auk góðu viðhaldi, megi ætla að líkur á stroki frá stöðinni verði afar litlar. Viðbragðsáætlun við stroki verður meðal gagna sem skilað verður inn þegar sótt verður um leyfi fyrir framkvæmdum. Áætlunin mun m.a. ná til viðbragða ef til stroks kemur við hefðbundinn rekstur stöðvarinnar og ef til stroks kemur við flutning í brunnbát.

Áhrif af völdum ferskvatnstöku

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að áætluð meðalvatnsnotkun samsvari tæplega 2000 manna byggðarlagi, samanborið við meðal vatnsnotkun á einstakling í Reykjavík (165 l/sólarhring) og því ljóst að um er að ræða umtalsverða vatnsnotkun. Samkvæmt nýlegri eftirlitsskýrslu Orkustofnunar fyrir Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf. er leyfi fyrir allt að 40 l/s notkunar að jafnaði á vatnstökusvæðinu við Tungu í Svínadal. Mælingar benda til að brunnar og drenlagnir á því svæði geti gefið 10 l/s meira vatn inn í veituna heldur en nú er nýtt². Auk þess kemur hluti vatns í veitunni af öðru svæði við Súluá í Hlíðarfæti. Samanburður við þessar tölur sýnir að áætluð vatnsnotkun í eldinu virðist vera alveg í samræmi við mögulega vatnsnýtingu fyrir vatnstökusvæði veitunnar, þó mögulega gæti verið einhver þörf á miðlun fyrir mestu nýtingartoppa. Það ætti því ekki að vera þörf á umhverfismati vegna nýtingar ferskvatns í áformuðu eldi.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að stofnunin telji umfjöllun um öflun ferskvatns afar takmarkaða. Einungis sé tilgreint að ferskvatn, allt að 10 l/s verði aflað frá vatnsveitu á svæðinu. Orkustofnun hefur áður í umsögnum um áform um iðnaðaruppbyggingu á svæðinu (t.d. um umhverfismat vegna áforma Qair Íslands ehf. um framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga) vísað til þess að lengi hafi gætt vandkvæða við öflun vatns til þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga og því ítrekar Orkustofnun fyrri ábendingar um mikilvægi þess að fjalla þurfi með skýrari hætti um öflun vatns. Ljóst er að vatnsöflun er ein helsta forsenda fiskeldis og því telur stofnunin mikilvægt að við undirbúning starfsemi sem þessarar liggi ljósar fyrir hvernig því verði háttað en hér er raunin.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á að vatnsveita sveitarfélagsins anni tæplega núverandi notkun og því óljóst hvort fyrirhuguð aukning muni takmarka aðra notkun.

Í umsögn Elkem Ísland ehf. er bent á að fyrirtækið telji að framlögð gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af raunþörf á ferskvatni úr vatnsveitu á hverjum tíma. Fyrirtækið hafi gert vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar ljóst að vegna framtíðaráætlana sjái fyrirtækið fram á aukna vatnsþörf fyrir eigin rekstur, m.a. vegna áætlana um orkuendurvinnslu. Af þeim sökum geti vatnsveitufélagið ekki lofað öðrum aðilum en þeim sem nú njóta vatns úr lindum Elkem (almeningur og núverandi rekstraraðilar í Hvalfjarðarsveit), vatni úr lindum Elkem. Elkem geti því ekki séð hvernig vatnsþörf Aurora fiskeldis verði mætt þar sem ljóst sé að ekki verði hægt að nýta vatn úr lindum Elkem í þann

² Orkustofnun (2023). *Eftirlitsskýrsla Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar Tungu, 18. október 2023.*



rekstur. Því liggir fyrir að Aurora fiskeldi mun ekki geta mætt sinni vatnspörf á grundvelli vilýrðis vatnsveitufélagsins og/eða Faxaflóahafna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem óvissa sé um hve mikið vatn fáist frá Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar hefur framkvæmdaraðili gert ráð fyrir að framleiða ferskvatn úr sjó fyrir stöðina. Ljóst sé að nauðsynlegt er að setja upp forðatank fyrir ferskvatn til að nota þegar hámarksnotkun er í gangi. Við frekari hönnun og skipulag mun skýrast betur hversu mikið ferskvatn verði aðgengilegt og þá hversu mikið ferskvatn framkvæmdaraðili þurfi að t framleiða.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Grundartangi sé skilgreindur sem iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Framkvæmdasvæðið sjálft sé fyrrum landbúnaðarland þar sem að framræst tún og skurðir liggja um svæðið. Nærumhverfi framkvæmdarsvæðisins sé þegar mótað af iðnaði en auk þess megi finna frístundabyggð og íbúðarhús í nágrenni. Framkvæmdasvæðið sé nokkuð flatt, sjónlengdir langar og geta mannvirki því verið sýnileg og mun ásynd svæðisins koma til með að breytast með tilkomu fiskeldisstöðvarinnar en auk þess mun samlegðaráhrifa gæta við annan iðnað í næsta nágrenni stöðvarinnar. Í ljósi þess að ásynd svæðisins er að stórum hluta mörkuð af iðnaði og mannvirkjum, telur framkvæmdaraðili að áhrif fiskeldisins á landslag og ásynd verði óveruleg. Framkvæmdaraðili telur fyrirhugaða framkvæmd ekki kalla á mótvægisáðgerðir til að draga úr ásyndaráhrifum, s.s. með mönum eða annarri skermingu, en við frekari hönnun stöðvarinnar verður lögð áhersla á að framkvæmdin falli sem best að landslagi og ásyndaráhrif verði sem minnst.

Áhrif á fornminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 séu skráðar minjar á svæðinu, flestar við Katanes en einnig sé að finna minjar innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Framkvæmdaraðili hafi nú hafið samráð við Minjastofnun Íslands varðandi frekar fornleifaúttekt á framkvæmdasvæðinu og mun framkvæmdaraðili láta þar til hæfa sérfræðinga framkvæma úttekt á fornminjum áður en sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni eins og hún hafi verið kynnt og gerir ekki athugasemdir á þessu stigi.

Áhrif af völdum sjúkdóma, lyfja- og efnanotkunar

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að gera heilbrigðismálum í stöðinni og tengdum forvörnum ítarlegri skil.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aðferðum, efnum og öðrum heilbrigðismálum verði lýst þegar sótt verði um leyfi fyrir framkvæmdum og rekstri stöðvarinnar.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í ósamræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og deiliskipulag hafnarsvæðis á Grundartanga, austursvæðis m.s.br. dags. 4.12.2014.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi sbr. skipulagslög, lög um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Auk þess starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig er starfsemin háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Þá þarf leyfi Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum skv. lögum um menningarminjar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu landeldisstöðvar fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.05 og lið 1.09 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun og ónæði, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun bendir á að við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda þarf að horfa til þess hvort að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum. Einnig þarf að horfa til þess sjónarmiðs við ákvörðun um matsskyldu að gefa almenningi og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri á að tjá sig um svo umfangsmiklar framkvæmdir í opnu matsferli og að þær hljóti viðunandi kynningu í leiðinni.

Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér mjög umfangsmikla uppbyggingu við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit á 15,3 ha. svæði með eldisrými upp á samtals um 161.000 m³ við framleiðslu á 14.000 tonnum af laxi. Fyrir liggur að þrátt fyrir að ýmsar landeldisframkvæmdir hafi hlotið málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem gert er ráð fyrir mjög umfangsmiklu eldi er ljóst að engin reynsla er komin á rekstur landeldisstöðva að því umfangi sem fyrirhugað er í Hvalfirði. Framkvæmdasvæðinu hefur að nokkru leyti verið raskað vegna framræslu fyrri tíðar, en undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurheimta upprunalegt ástand svæðisins með því að fylla upp í áður framræsta skurði, ásamt því að Katanestjörn sem svæðið liggur að hefur verið endurheimt. Framkvæmdasvæðið liggur að, og er að hluta til innan svæðis sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og það nær inn á svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, Hvalfjarðarströnd, auk þess að vera innan mikilvægs fuglasvæðis, Hvalfjörður. Svæðið í grennd við iðnaðar- og hafnarsvæðið á Grundartanga, sem einkennist af umfangsmiklum mannvirkjum og munu verða samlegðaráhrif með þessum mannvirkjum með tilkomu fyrirhugaðrar landeldisstöðvar og viðbúið að yfirbragð norðurstrandar Hvalfjarðar verði enn manngerðara við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði sem nýtur þegar verndar og Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að vernda frekar. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að tilefni sé til nánari greiningar og mats á áhrifum.

Varðandi möguleg áhrif á vistgerðir og gróður á svæðinu þá byggir framkvæmdaraðili mat sitt á athugunum sem gerðar voru vegna umhverfismats óskyldrar framkvæmdar á næstu lóð við framkvæmdasvæðið og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Fyrir liggur að ekki hefur farið fram gróðurathugun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en skv. vistgerðarkorti á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands kunna að vera á því svæði sem verður raskað, votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Vegna umfangs fyrirhugaðra framkvæmda m.a. í ljósi flatarmáls þess svæðis sem framkvæmdin tekur til, mun rask á vistgerðum og gróðri að öllum líkindum verða talsvert.



Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn Náttúrufræðistofnunar að þau gögn sem liggja til grundvallar mati framkvæmdaraðila á áhrifum á gróður séu ónákvæm og að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi framkvæmdasvæðisins. Þá liggur fyrir að endurheimt Katanestjarnar og votlendis hafi valdið breytingum á svæðinu frá þeim tíma sem fyrirbyggjandi gögn framkvæmdaraðila miða við, sem hafi haft áhrif á gróður og fuglalíf. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður eru því ekki með öllu kunn og því óljós og kalla á nánari athuganir og greiningu.

Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn vatnamála er markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vistfræðilegt ástand lífríkis í vatnshloti getur verið mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Gerð er sú krafa að öll vatnshlot skuli ávallt vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Fráveita frá fyrirhuguðu landeldi mun fara í vatnshlotið Hvalfjörður 104-1330-C sem er nú þegar undir staðbundnu álagi vegna losunar frá iðnaði en vistfræði- og efnafræðilegt ástand þess er óþekkt.

Fyrirbyggjandi athuganir á vegum framkvæmdaraðila á áhrifum losunar frárennslisvatns benda til þess að fyrirhugað 14.000 tonna eldi með allt að 9.000 tonna hámarkslífmassa muni valda auknu álagi á sjó og botndýralíf vegna þess úrgangs sem starfsemin mun losa í viðtaka og kann þannig að hafa neikvæð áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins. Helstu áhrif fráveitu á viðtaka eru talin staðbundin og tímabundin hækkun á styrk fosfórs og köfnunarefnis, hitastigsaukning og lægri styrkur súrefnis og súrefnismettunar í næsta nágrenni útrásar. Líkön benda þó til þess að útþynning lífrænna efna verði hröð og að styrkur næringarefna verði að mestu undir skilgreindum umhverfismörkum reglugerðar um mengun vatns. Skipulagsstofnun telur, í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins, m.a. hefur fjöru- og botndýralíf utan við lóðina ekki verið rannsakað en nokkur sýni hafa verið tekin utan við nálægar lóðir í fyrra mati í óskyldri framkvæmd. Einnig er óvissa um áhrif sjóvatnstöku á lífríki sjávar, þar sem áform framkvæmdaraðila um sjóvatnstöku af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er, eru með öllu óreynd. Hafa verður í huga að mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ofangreinda umhverfisþætti er fengið úr líkönum sem byggja á takmörkuðum upplýsingum og fyrirfram gefnum viðmiðum, en ekki raunvöktun áhrifa sambærilegra framkvæmda. Að mati Skipulagsstofnunar kallar umfang starfseminnar og magn uppleystra næringarefna í fráveitu á nánari athugun og greiningu á ástand sjávar, grunnástandi fjöru- og botndýralífs svo hægt sé að leggja mat á möguleg áhrif viðkomandi starfsemi á þá umhverfisþætti.

Fyrir liggur að eldi á frjóum laxi í sjókvíum er háð takmörkunum sem skilgreind eru í áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Nú er í gildi auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum hefur verið lýst óheimilt á tilteknum svæðum, þ.m.t. í Faxaflóa, en ljóst er að fjarlægð á milli eldissvæða og laxáa skiptir miklu máli um hvort strokulax leiti upp í ár. Á grunni auglýsingar um friðundarsvæði var ákveðið að óheimilt væri að stunda fiskeldi í námunda við þau svæði þar sem helst finnst villtir stofnar laxa, sbr. stór svæði m.a. á Vesturlandi. Matvælastofnun bendir á í umsögn sinni að í ljósi þriggja tilkynntra óhappa í landeldisstöðvum á árinu leggi stofnunin áherslu á að skýrt þurfi að vera hvernig brugðist verði við mögulegum slyasleppingum og að jafnframt þurfi að huga að strokvörnum og viðbrögðum vegna stroks þegar kemur að mögulegum flutningi fisks úr stöð í brunnbát til slátrunar. Telur stofnunin að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum, sérstaklega með hliðsjón af líkum á stroki. Þrátt fyrir þær varnir gegna slyasleppingum sem framkvæmdaraðili hyggst viðhafa telur Skipulagsstofnun, í ljósi nýlegra slyasleppinga, að ofangreind áform um eldi á frjóum laxi geti haft neikvæð áhrif á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar ef að til þess kemur að frjór lax sleppi við eldi eða flutning. Ljóst er að áhrif erfðablöndunar geta verið óafturkræf með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á erfðafræðilega fjölbreytni og kann þessara neikvæðu áhrifa að gæta í ám í innanverðum Faxaflóa og sér í lagi í



Hvalfirði sem hýsa stofna laxfiska, s.s. Laxá í Kjós, Brynjudalsá, Laxá í Leirársveit auk annarra laxveiðiáa á svæðinu. Stofnunin telur að horfa verði til varúðarreglu laga um náttúruvernd sem kallar á nánari greiningu og mat á mögulegum slysasleppingum og áhrifum þeirra.

Áform framkvæmdaraðila ganga út á að fá ferskvatn frá veituaðila sem nýtir ferskvatn úr lindum á svæðinu og því verður ekki um grunnvatnsvinnslu að ræða og þ.a.l. ekki um neikvæð áhrif á grunnvatn að ræða. Ferskvatnspörf starfseminnar er talin verða að hámarki allt að 20-30 l/s en að jafnaði um 3,6 - 7,2 l/s. að meðaltali sem samsvarar þegar mestu lætur, tæplega 2000 manna byggðarlagi og því ljóst að um umtalsverða vatnsnotkun er að ræða. Óvissa er hins vegar um hve mikið vatn fæst frá vatnsveitu á svæðinu og því gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að framleiða ferskvatn úr sjó fyrir stöðina. Hins vegar er óljóst hvaða áhrif vinnsla á fersku vatni úr sjó kanna að hafa.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Matvælastofnunar að taka verði til greina áhættu á að lúsarlirfur og þörungablómi berist með sjó þegar dýpt sjóinntaks stöðvar er ákveðið og að nauðsynlegt sé að gera heilbrigðismálum í stöðinni og tengdum forvörnum ítarlegri skil.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. nóvember 2024.

Reykjavík, 18. október 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

